



# SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

**Matvælaráðuneytið**  
**b.t. Jóns Þránís Stefánssonar**  
**Borgartúni 26**  
**105 Reykjavík**

**Snæfellsbær, 8. desember 2023**

Tilv. bréfs 37616

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 7. desember 2023, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 1. desember 2023, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2023/2024.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að óska eftir því að fyrir Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissand, Rif og Ólafsvík) gildi sömu reglur og giltu fyrir fiskveiðiárið 2022/2023, skv. reglugerð um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gildi um úthlutun byggðakvóta Arnarstapa, Hellissands, Ólafsvíkur og Rifs með eftirfarandi breytingum::

- a) Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður: í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskípum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

